



Tilboð

1 litri ís úr vél + videó = 699,-

HAMRABORG • HAFNARSTRÆTI 7 • SÍMI 456 3166



Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

Miðvikudagur 8. maí 2002 • 19. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk



Landsbyggðin verður að grípa til vopna sinna

– segir Magnús Reynir Guðmundsson, oddviti F-lista frjálslyndra og óháðra

Stórsýningin „Perlan Vestfirðir“ var haldin í Reykjavík um síðustu helgi

Troðfullt út úr dyrum alla sýningardagana

Aðstandendur sýningarinnar „Perlan Vestfirðir“ eru himinlifandi með þær viðtökur sem sýningin fékk en hún var sett í Perlunni í Reykjavík kl. 15 síðasta föstudag og var síðan opin frá klukkan 11 til 17 laugardag og sunnudag.

Að sögn Sigríðar Kristjánsdóttur, framkvæmdastjóra sýningarinnar, er talið að um tuttugu þúsund gestir hafi heimsótt sýninguna og var Perlan troðfull af fólki frá opnun til lokun báða dag-

ana.

Segir Sigríður ljóst að þörf hefði verið á mun stærra húsnæði en engu að síður hafi gestir augljóslega verið mjög ánægðir með þetta framtak og sömuleiðis hafi sýnendur, sem voru um hundrað, verið í sjöunda himni enda hafi allt gengið samkvæmt áætlun. Þá segir hún ekki síður mikilvæg sú mikla og jákvæða umfjöllun sem Vestfirðir fengu meðan á sýningunni stóð.

Svipmyndir frá sýningunni birtast á bb.is í vikunni.



Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og Dorrit Moussaieff ásamt Hagerup Ísaksen í bás ferðapjónustunnar á norðanverðum Vestfjörðum.

SAMKAUP!



OPID:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið velkomin!

SAMKAUP!

AUSTURVEGI 2
SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi



www.eimskip.is • Sími 456 5500

www.flytjandi.is • Sími 456 5500

Auglýsing um framboð vegna almennra sveitarstjórnarkosninga 25. maí 2002

Eftirtaldir framboðslistar bárust yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar fyrir lok framboðsfrests vegna sveitarstjórnarkosninga er fram fara þann 25. maí 2002 og hafa verið úrskurðaðir gildir.

Ísafirði, 5. maí 2002,
Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar.

A listi Nýs afls

- Halldór Jónsson, fiskverkandi, Móholti 5, Ísafirði.
- Gylfi Þór Gíslason, lögreglumaður, Engjavegi 21, Ísafirði.
- Ingibjörg Snorradóttir, skrifstofumaður, Hafraholti 8, Ísafirði.
- Gróa Stefánsdóttir, fulltrúi, Kjarrholti 6, Ísafirði.
- Albert Haraldsson, yfirverkstjóri, Hlíðarvegi 29, Ísafirði.
- Eyrún Eggertsdóttir, flugnemi, Hafraholti 36, Ísafirði.
- Eiríkur Jóhannsson, verkstjóri, Stórholti 9, Ísafirði.
- Jóhanna Fylkisdóttir, hársnyrtinemi, Fjarðarstræti 15, Ísafirði.
- Hermann Óskarsson, rafvirki, Sundstræti 26, Ísafirði.
- Þóra Baldursdóttir, húsmóðir, Tangagötu 22, Ísafirði.
- Haraldur Konráðsson, skipstjóri, Hafraholti 10, Ísafirði.
- Jóhann B. Pálmason, stálsmiður, Móholti 2, Ísafirði.
- Smári Helgason, framreiðslumaður, Strandgötu 3, Hnífsdal.
- Sigurveig Bj. Harðardóttir, fulltrúi, Hlíðarvegi 5, Ísafirði.
- Friðgerður Ómarsdóttir, menntaskólakennari, Fagraholti 3, Ísafirði.
- Guðmundur Hrafnsson, verkstjóri, Engjavegi 17, Ísafirði.
- Rögnvaldur Ólafsson, bifreiðastjóri, Smiðjugötu 11a, Ísafirði.
- Grétar Þórðarson, aðst.forst.m. Hlífar, Urðarvegi 32, Ísafirði.

B listi Framsóknarflokks

- Guðni Geir Jóhannesson, bæjarfulltrúi, Sunnuholti 6, Ísafirði.
- Svanlaug Guðnadóttir, hjúkrunarfræðinemi, Kjarrholti 2, Ísafirði.
- Björgmundur Örn Guðmundsson, byggingar.tæknifr., Kirkjubóli, Valþjófsdal.
- Jón Reynir Sigurvinsson, aðstoðarskólameistari, Hafraholti 54, Ísafirði.
- Guðríður Sigurðardóttir, íþróttakennari, Brautarholti 11, Ísafirði.
- María Valsdóttir, húsmóðir, Brekkugötu 4, Þingeyri.
- Sigríður Magnúsdóttir, forstöðukona, Kirkjubóli, Valþjófsdal.
- Þorvaldur Þórðarson, bóndi, Stað, Súgandafirði.
- Elías Oddsson, framkvæmdastjóri, Fagraholti 2, Ísafirði.
- Hildigunnur Guðmundsdóttir, bóndi, Auðkúlu, Arnarfirði.
- Jón Reynir Sigurðsson, atvinnurekandi, Fjarðargötu 60, Þingeyri.
- Ásvaldur Guðmundsson, umsjónarmaður, Núpi, Dýrafirði.
- Gréta Gunnarsdóttir, leikskólaleiðbeinandi, Hlíðarvegi 45, Ísafirði.
- Bergsveinn Gíslason, bóndi, Mýrum, Dýrafirði.
- Hrafn Guðmundsson, umsjónarmaður, Hlíðarvegi 3, Ísafirði.
- Steinþór Ólafsson, bóndi, Fremri-Hjarðardal, Dýrafirði.
- Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri, Skipagötu 17, Ísafirði.
- Sigurður Sveinsson, útvegsbóndi, Hlíðarvegi 1, Ísafirði.

D listi Sjálfstæðisflokks

- Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, Hafraholti 38, Ísafirði.
- Birna Lárusdóttir, fjölmiðlafræðingur, Urðarvegi 34, Ísafirði.
- Ragnheiður Hákonardóttir, svæðisleiðsögumaður, Urðarvegi 33, Ísafirði.
- Ingi Þór Ágústsson, sundþjálfari, Urðarvegi 68, Ísafirði.
- Elías Guðmundsson, ferðapjónn, Hjallavegi 16, Suðureyri.
- Jón Svanberg Hjartarson, lögregluvarðstjóri, Hafnarstræti 14, Flateyri.
- Áslaug Jóhanna Jensdóttir, ferðapjónn, Austurvegi 7, Ísafirði.
- Jónas Þór Birgisson, lyfjafræðingur, Bakkavegi 39, Hnífsdal.
- Bryndís Ásta Birgisdóttir, framkvæmdastjóri, Hjallabyggð 7, Suðureyri.
- Sighvatur Jón Þórarinsson, bóndi, Höfða, Dýrafirði.
- Laufey Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, Pollgötu 4, Ísafirði.
- Gísli Halldór Halldórsson, viðskiptafræðingur, Tangagötu 6, Ísafirði.
- Grazyna María Okuniewska, hjúkrunarfræðingur, Eyrargötu 8, Ísafirði.
- Hildur Halldórsdóttir, líffræðingur, Brimnesvegi 10, Flateyri.
- Niels Ragnar Björnsson, matsveinn, Túngötu 3, Ísafirði.
- Steinar Ríkharður Jónsson, stöðvarstjóri, Mjólklárvirkjun, Arnarfirði.
- Friðbjörn Óskarsson, vélstjóri, Bakkavegi 37, Hnífsdal.
- Kristján Kristjánsson, verkfræðingur, Skipagötu 14, Ísafirði.

F listi Frjálslyndra og óháðra

- Magnús Reynir Guðmundsson, framkvæmdastjóri, Skipagötu 2, Ísafirði.
- Ásthildur Cesil Þórðardóttir, garðyrkjustjóri, Seljalandsvegi 100, Ísafirði.
- Kristján Andri Guðjónsson, sjómaður, Engjavegi 28, Ísafirði.
- Sigríður Inga Sigurjónsdóttir, dýralæknir, Urðarvegi 16, Ísafirði.
- Magnús Sigurðsson, verktaki, Hlíðargötu 44, Þingeyri.
- Vilhelmlína H. Guðmundsdóttir, verslunarmaður, Hnífsdalsvegi 1, Ísafirði.
- Magnús Sigurður Jónsson, skólastjóri, Túngötu 17, Suðureyri.
- Kristín Auður Elíasdóttir, kennari, Fjarðargötu 16, Þingeyri.
- Þröstur Ólafsson, vélstjóri, Strandgötu 7a, Hnífsdal.
- Kristín Þórisdóttir, skrifstofumaður, Aðalstræti 13, Ísafirði.
- Júlíus Ólafsson, umferðaröryggisfulltrúi, Seljalandsvegi 22, Ísafirði.
- Steinunn Einarsdóttir, nemi, Drafnargötu 6, Flateyri.
- Halldór Helgason, beitningamaður, Túngötu 18, Ísafirði.
- Ásta Dóra Egilsdóttir, húsmóðir, Hlíf II, Ísafirði.
- Nína Óskarsdóttir, einkaþjálfari, Hrannargötu 3, Ísafirði.
- Jens Kristmannsson, aðalbókari, Engjavegi 31, Ísafirði.
- Halldór Hermannsson, skipstjóri, Mjógötu 3, Ísafirði.
- Guðjón Arnar Kristjánsson, alþingismaður, Engjavegi 28, Ísafirði.

S listi Samfylkingar

- Lárus G. Valdimarsson, bæjarfulltrúi, Seljalandsvegi 50, Ísafirði.
- Bryndís Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi, Hlíðarvegi 37, Ísafirði.
- Sæmundur Kr. Þorvaldsson, bæjarfulltrúi, Læk, Dýrafirði.
- Kolbrún Sverrisdóttir, verkakona, Fjarðarstræti 35, Ísafirði.
- Björn Davíðsson, kerfisfræðingur, Mánagötu 6, Ísafirði.
- Jónína Emilsdóttir, sérkennsluráðgjafi, Hafraholti 22, Ísafirði.
- Sturla Páll Sturluson, tollvörður, Túngötu 15, Ísafirði.
- Guðrún Anna Finnbogadóttir, sjávarútvegsfræðingur, Hlíðarvegi 26a, Ísafirði.
- Friðrik Hagalín Smáráson, nemi, Miðtúni 33, Ísafirði.
- Sigríður Bragadóttir, bæjarfulltrúi, Fjarðarstræti 59, Ísafirði.
- Jóhann Bjarnason, fiskverkandi, Túngötu 6b, Suðureyri.
- Helga Björk Jóhannsdóttir, leikskólaserkennari, Seljalandsvegi 22, Ísafirði.
- Guðmundur Þór Kristjánsson, vélstjóri, Dalbraut 10, Hnífsdal.
- Jóna Símonía Bjarnadóttir, sagnfræðingur, Faktorshúsi, Neðstakaupstað, Ísafirði.
- Unnar Reynisson, tæknimaður, Hjallavegi 17, Suðureyri.
- Jóna Kristín Kristinsdóttir, útgerðarmaður, Hjallavegi 29, Suðureyri.
- Rögnvaldur Þór Óskarsson, bakari, Hlíðarvegi 48, Ísafirði.
- Hansína Einarsdóttir, skrifstofumaður, Eyrargötu 3, Ísafirði.

U listi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs

- Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaforseti ASV, Hjallavegi 31, Suðureyri.
- Elfar Logi Hannesson, leikstjóri, Túngötu 17, Ísafirði.
- Dorothee Katrín Lubecki, ferðamálafulltrúi, Sundstræti 14, Ísafirði.
- Anton Torfi Bergsson, bóndi, Felli, Dýrafirði.
- Ágústa Guðmundsdóttir, verkamaður, Bárugötu 4, Flateyri.
- Kjartan Halldór Ágústsson, kennari, Sundstræti 14, Ísafirði.
- Herdís Magnea Hübner, kennari, Sundstræti 19, Ísafirði.
- Björn Birkisson, bóndi, Botni, Súgandafirði.
- Guðrún Snæbjörg Sigurþórsdóttir, húsmóðir, Hlíðargötu 20, Þingeyri.
- Björn Björnsson, bóndi, Þórustöðum, Önundarfirði.
- Ragnheiður Baldursdóttir, stöðvarstjóri, Hrannargötu 1, Ísafirði.
- Kristinn Orri Hjaltason, nemi, Stakkanesi 14, Ísafirði.
- Gígja Sigríður Tómasdóttir, verkamaður, Sólgötu 5, Ísafirði.
- Indriði Sveinn Ingjaldsson, markaðsstjóri, Fjarðarstræti 59, Ísafirði.
- Pálína Kristín Garðarsdóttir, gjaldkeri, Hlíðarvegi 5, Ísafirði.
- Gísli Sveinn Skarphéðinsson, skipstjóri, Kjarrholti 5, Ísafirði.
- Jón Fanndal Þórðarson, garðyrkjufræðingur, Garðavegi 2, Hnífsdal.
- Hjördís Hjörleifsdóttir, fv. skólastjóri, Mosvöllum, Önundarfirði.



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

Hafnarstræti 1 – Ísafirði

Símar: 456 3940 & 456 3244

Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snorpa.is

Helmasíða: www.bb.is/tg

Einbýlishús / raðhús

Hlíðarvegur 14: 170,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt risi. Húsið er mikið endurnýjað, ekkert áhvílandi. **Tilboð óskast**
Hlíðarvegur 46: 186 m² endaraðhús á þremur hæðum. Falllegt útsýni. Séríbúð á neðstu hæð. Skipti á minni eign möguleg. **Verð 8,9 m.kr.**
Hrannargata 1: 238,9 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt kjallara, háalofti og ræktuðum garði. **Verð 9,7 m.kr.**
Lyngholt 10: 151,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 55,2 m² bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**
Mánagata 9: 191,7 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr, kjallara og garði. Húsið er allt að mestu endurnýjað. **Tilboð óskast**
Móholt 9: 194,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**
Smíðjugata 11a: 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara, risi og bílgeymslu. Húsið allt nýmálað að utan. Skoðum öll tilboð. **Verð 6,1 m.kr.**
Urðarvegur 27: 190,5 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign mögul. **Verð 13,5 m.kr.**

Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr.
Tilboð óskast
Sundstræti 22: 68 m² 2ja-3ja herb. íbúð á jarðhæð í fjór-býlishúsi. **Verð 4 m.kr.**
Túngata 3: 80,7 m² íbúð á 2. hæð ásamt rislofti. **Verð 4,5 m.kr.**
Urðarvegur 78: 73 m² íbúð á 3ju hæð f.m. í fjölíbýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 2,7 m.kr. Skoðum öll tilboð **Verð 4,9 m.kr.**

Atvinnuhúsnæði

Sindragata: veiðafæra-geymsla, tvö bil, harðsteypt gólf, heitt og kalt vatn og hiti. **Tilboð óskast**
Sindragata 14: 534 m² stál-grindarhús á einni hæð. Húsið er nýtt, vel útbúið atvinnuhúsnæði á góðum stað. **Verð 25 m.kr.**

Verslunarhúsnæði

Hrannargata 2: 164,1 m² verslunarhúsnæði á 1. hæð og kjallara. Húsnæðið er tilvalið fyrir rekstur verslunar og/eða videoleigu. Verslunarinnréttingar geta fylgt með. **Verð 6,3 m.kr.**

Suðureyri

Aðalgata 2: 136 m² 6 herbergja sér íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. **Verð 6,2 m.kr.**
Aðalgata 2: 124,2 m² neðri hæð í tvíbýlishúsi, fyrrverandi pósthús með öllum tilheyrandi innréttingum. **Verð 6 m.kr.**

4-6 herb. íbúðir

Hafnarstræti 4: 176 m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð ásamt rislofti og helm. af geymslu í kjallara. **Verð 7,5 m.kr.**
Smíðjugata 7: 96,1 m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. **Tilboð óskast**

3ja herb. íbúðir

Hlíf II: 65,7 m² íbúð á 4ju hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 5,2 m.kr. **Verð 7,3 m.kr.**
Pólgata 6: 70 m² íbúð á 1. hæð til hægri í fjölíbýlishúsi. Áhv. ca. 2,4 m.kr. **Verð 3,7 m.kr.**
Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfhlötur, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju ásamt sér geymslu. **Verð 4,5 m.kr.**
Sundstræti 34: 93 m² ný íbúð á 2. hæð í nýju fjölíbýlishúsi ásamt 31 fm. bílgeymslu. **Verð 9,1 m.kr.**

2ja herb. íbúðir

Aðalstræti 24: 74,6 m² íbúð 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Tilboð óskast**
Aðalstræti 24: 62 m² íbúð á 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Tilboð óskast**
Brunngata 12a: 57,4 m² íbúð í mjög góðu standi á n.h. í tví-býlishúsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallara og eignarlóð. **Tilboð óskast**
Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Tilboð óskast**
Hlíðarvegur 27: 49,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Áhv. ca. 555 þús.kr. **Tilboð óskast**
Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 3. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 3,7 m.kr. Laus strax. **Verð 6,3 m.kr.**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar www.bb.is/tg



Dimission útskriftarnema Menntaskólans á Ísafirði

Teiknimyndakettir gerðu víðreist um Ísafjarðarbæ

Hefðbundin dimission útskriftarnema við Menntaskólann á Ísafirði var á föstudag og venju samkvæmt klæddust nemendur skrautlegum búningum til þess að fagna væntanlegri brottskráningu. Undanfarnir ár hafa „dimissingar“ klæddst samræmdum búningum við fögnuð sinn, og hafa

þeir þá m.a. verið í líki strumpa, þvottabjarna og miðaldamunka, en nú var bryddað upp á þeirri nýbreytni að iðn-nemar á lokaári klæddust sér-búningum. Voru þeir í gervi anlegri brottskráningu. Undanfarnir ár hafa „dimissingar“ klæddst samræmdum búningum við fögnuð sinn, og hafa

Eftir að snæddur hafði verið morgunverður í boði Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistarara MÍ héldu nemarnir að skólanum þar sem þeirra beið nýútkomnið hefti svívirðingarritsins Cloöcu, sem inniheldur jafnan misjafnlega þægilegar upplýsingar um starfsfólk og nemendur skólans. Eftir að

hafa rýnt í mis sönn skrif um sjálfa sig voru nemarnir látnir drekka góroft lýsi sem þriðju bekingar skólans brugguðu og leysa ýmsar þrautir áður en þeir stigu um borð í gáma-bíl, sem ók með „dimissing-ana“ um götur bæjarins. Um kvöldið var síðan sam-einast í kvöldverð.

Pau skipa efstu sætin á D-listanum í Ísafjarðarbæ



1. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri



2. Birna Lárusdóttir, fjölmjólafræðingur



3. Ragnheiður Hákonard., svæðisleiðsögumaður



4. Ingi Þór Ágústsson, sundþjálfari



5. Elías Guðmundsson, ferðabjónn



6. Jón Svanberg Hjartarson, lögregluvarðstjóri

Atvinnulífið er undirstaðan sem allt annað í samfélaginu byggist á. Verkefni Ísafjarðarbæjar er umfram allt að skapa umhverfi fyrir atvinnustarfsemi. Slikt er t.d. fólgið í gatnagerð og útvegum lóða, gerð og umsjón vatnsveitu og fráveitu, hafnarmannvirkjum og mörgu öðru. Þessu umhverfi tilheyrja einnig dagheimili og skólar og fjölmargt annað sem er forsenda þess að atvinnulífið geti gengið vel. Sveitarfélagið skapar umgjörðina en einstaklingar og fyrirtæki nota sér hana til að gera hugmyndir sínar að veruleika.



Landsbyggðin verður að grípa til vopna sinna

– segir Magnús Reynir Guðmundsson, oddviti F-lista frjálslyndra og óháðra

Bæjarstjórnarkosningarnar þann 25. maí nálgast óðfluga og íbúar Ísafjarðarbæjar velta því nú vandlega fyrir sér hvaða flokk skuli kjósa þegar á hólminn er komið í kjörklefanum. Nokkur spenna ríkir vegna kosninganna þar sem töluverðra sviptinga má vænta í þeim eins og sjá mátti á niðurstöðum nýlegrar netkönnunar á bb.is, en þar hugðust aðeins tæp 35% þátttakenda könnunarinnar kjósa sama lista og þeir kusu í síðustu kosningum. Einn þeirra sem reyna nú eftir fremsta mætti að sannfæra kjörgenga bæjarbúa um að eftirláta sér sitt atkvæði er Magnús Reynir Guðmundsson, oddviti F-lista frjálslyndra og óháðra. Pólitíska ferilinn hóf hann á sínum tíma með Alþýðuflokknum, en starfaði lengst af á vegum Framsóknarflokksins og var þá meðal annars bæjarritari Ísafjardarkaupstaðar. Magnús hætti afskiptum af stjórn máli á sínum tíma til þess að einbeita sér að rekstri Togaraútgerðar Ísafjarðar hf., sem gerði út rækjutogarann Skutul ÍS. Eftir rúm tíu ár sem óbreyttur borgari hefur Magnús nú ákveðið að snúa aftur á vettvang bæjarpólitíkur. Hann segir aðspurður að ráðandi þáttur í þeirri ákvörðun sé óánægja með frammistöðu núverandi bæjarstjórnar í atvinnumálum, og þá sérstaklega varðandi sjávarútveginn.

„Horfum fram á skelfilegt ástand“

„Ég hef fylgst grannt með gangi mála í bænum síðustu tíu árin og séð þau með nokkuð öðrum augum en þegar ég var bæjarritari,“ segir Magnús. „Það hefur verið um margt fróðlegt að fylgjast með bæjararmálunum á þessum tíma, en að sama skapi ekki ánægjulegt. Það er mín skoðun að bæjarstjórnin sem lætur af störfum nú í vor hafi staðið sig einstaklega illa í því að efla og halda utan um atvinnuvegina hérna í bænum. Ég sé og veit að það er hægt að gera betur og ég býð mig fram til þeirrar baráttu.“

Mín skoðun er sú að landsbyggðin á Íslandi standi það illa núna að fólkið sem byggir hana þurfi að gera úrslitartilraun til þess að ná vopnum sínum og til þess að við náum einhverjum árangri í því þá verður að hverfa frá núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Það hefur fjötrað okkur og dregið úr okkur máttinn og nú er svo komið að þessar byggðir, meðal annars Ísafjarðarbær,

horfa fram á skelfilegt ástand ef ekki fæst leiðrétting á þessum málum hið fyrsta“.

Óháður frambjóðandi

–Þú ert ekki skráður í Frjálslynda flokkinn. Hvernig stóð á því að þú ákvaðst að bjóða þig fram undir þeirra merkjum í kosningunum nú?

„Ég kaus Frjálslynda flokkinn í alþingiskosningunum síðast vegna þess að ég vildi að raddir Guðjóns Arnars Kristjánssonar og Sverris Hermannssonar fengju að hljóma á Alþingi Íslendinga því að þeir hafa verið mjög skeleggir í því að gagnrýna fiskveiðistjórnunarkerfið, boða breytingar á því og vekja athygli á því ranglæti sem það hefur leitt yfir Íslendinga. Afstaða flokksins til þessara mála og annarra olli því að ég og hópur fólks sem ýmist hefur starfað á vegum annarra flokka eða er með öllu óflokksbundið ákvað að fylkja liði með Frjálslynda flokknum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar nú og bjóða fram lista frjálslyndra og óháðra,“ segir Magnús og ítrekar þá skoðun



sína að bæjarstjórn síðustu fjögurra ára hafi staðið sig illa í því að tryggja atvinnuöryggi skjólstaðinga sinna.

Ekki í ófrægingarherferð á hendur sitjandi bæjarstjórn

Aðspurður hvað hann telji að hefði betur mátt fara í stjórnun bæjarins undanfarin ár, þá segir Magnús að vissulega hafi margt gott verið gert á þessum tíma. „Við viðurkennum fúslega það sem vel hefur verið gert og erum ekki í neinni herferð til þess að ófrægja það ágæta fólk sem hefur farið með stjórn bæjarins síðasta kjörtímabil. Í stuttu máli sagt þá finnst mér að bæjarstjórnin hafi verið alltof lin í því að herja á ríkisvaldið um nauðsynlegar breytingar til þess að þessi byggð geti lifað. Meirihluti bæjarstjórnarinnar, sem samanstendur af sjálfstæðismönnum og mín-

um gömlu flokksbræðrum í Framsóknarflokknum, hefur varla þorað að andmæla neinu sem frá ríkisstjórninni hefur komið. Jafnvel þótt þeir séu í hjarta sínu sannfærðir um að ríkisstjórnin sé að gera rangt hafa þeir einhverja hluta vegna látið illt yfir sig ganga af sinni eigin flokksforystu. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að sveitarstjórnin hér í Ísafjarðarbæ láti í sér heyrna um þessi mál. Við verðum að fá breytingar, við verðum að fá aðgang að fiskimiðunum okkar því annars lifum við ekki af“.

Hrun Básafells og siðblindu Kristjáns Þórs Júlíussonar

„Auk þess tel ég að bæjarstjórnin hafi staðið sig einstaklega illa í atvinnumálum. Ég nefni sem dæmi upplausn Básafells þar sem Ísafjarðarbær átti afgerandi hlut en tókst

ekki eða skorti vilja til þess að halda fyrirtækinu eða að minnsta kosti einhverjum hluta þess í bænum. Þarna held ég að bæjarstjórnin hefði þurft að taka allt öðruvísi á málum, sérstaklega þar sem hún gat virkilega haft áhrif á gang mála ásamt verkalýðshreyfingunni hefði vilji verið fyrir hendi. Stjórnendur bæjarins hefðu getað reynt að kaupa fyrirtækið með aðstoð lánastofnana og þá hefðu þeir haft ráðstöfunarrétt á skipum og aflaheimildum þess. Þetta hefði getað farið á allt annað veg. Hins vegar er nú ekki eitt einasta af Básafellsskipunum eftir í kaupstaðnum, þau fóru öll í burtu ásamt tólf til þrettán þúsund þorskígildistonnur sem þeim fylgdu.“

Síðan má nefna það að fyrrverandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Kristján Þór Júlíusson, var stjórnarformaður Samherja hf. á sama tíma og hann var hér bæjarstjóri og helsti trúnaðarmaður Ísfirðinga og

það á meðan Samherji var að semja við eigendur Guðbjargarinnar um samruna. Þá var því lofað að Guðbjörgin yrði gerð hédan út, sem reyndist að sjálfsögðu tómt bull, enda vita allir hvernig það ævintýri fór. Mér finnst algjör trúnaðarrestur hjá Kristjáni Þór að hafa verið stjórnarformaður Samherja á sama tíma og hann átti að gæta hagsmuna Ísafjardarkaupstaðar, það var bæði siðleysi og dómgreindarskortur að segja sig ekki úr annarri hvorri stöðunni. Það jaðrar við siðblindu að leyfa sér það að standa fyrir flutningi fleiri þúsund þorskígildistonna úr Ísafjarðarbæ til Akureyrar og vera á sama tíma helsti trúnaðarmaður bæjarbúa“.

„Ekki sök bæjarfirvalda að fólki fækkar á landsbyggðinni“

Nýtt afl, bæjarmálarfélag stofnað í Ísafjarðarbæ

Halldór Jónsson í fyrsta sæti

Nýtt afl, bæjarmálarfélag Halldórs Jónssonar fiskverkanda á Ísafirði og fleiri aðila, kynnti á föstudag framboðslista sinn fyrir komandi sveitastjórnarkosningu auk helstu áhersluatriða félagsins og listabókstaf þess, sem er A.

Efsta sæti listans skipar Halldór Jónsson og í öðru sæti er Gylfi Þór Gíslason, lögreglumáður. Ingibjörg Snorradóttir, skrifstofumaður er í því þriðja og Gróa Stefánsdóttir, fulltrúi situr í fjórða sæti A-lista Nýs afls.

Í næstu sætum koma eftirtaldir einstaklingar: Albert Haraldsson yfirverkstjóri, Eyrún Eggertsdóttir flugnemi, Eiríkur Jóhannson verkstjóri, Jóhanna Fylkisdóttir hársnyrtinemi, Hermann Óskarsson rafvirki, Þóra Baldursdóttir húsmóðir, menntaskólakennari, Haraldur Konráðsson skipstjóri, Jóhann Bæring
P á l m a s o n

stálsmíðanemi, Smári Helgason framreiðslumaður, Sigurveig Bj. Harðardóttir fulltrúi, Friðgerður Ómarsdóttir menntaskólakennari, Guðmundur Hrafnsson verkstjóri, Rögnvaldur Ólafsson bifreiðastjóri og heiðursætið skipar Grétar Þórðarson aðstoðarforstöðumaður Hlífar, íbúða aldraðra á Ísafirði.

Á blaðamannafundinum voru einnig kynnt til helstu áherslumál félagsins en stefnuskrá mun liggja fyrir fljótlega. Meðal helstu áhersluatriða félagsins eru að rekstur bæjarins

verði endurskoðaður og skuldasoðnun stöðvuð, að aukin áhersla verði lögð á að nýjar stöður sem ríkið skapi, verði á landsbyggðinni, að bætt verði fyrir þann álitshnekk er bæjarfélagið hlaut vegna undirbúnings landsmóts UMFÍ og að vakin verði upp skipulögð umræða meðal íbúa um hagsmuni bæjarfélagsins, m.a. með skipulögðum samskiptum við hagsmunafélög íbúa.



Tveir efstu menn á framboðslista Nýs afls, bæjarmálarfélags í Ísafjarðarbæ, Gylfi Þ. Gíslason og Halldór Jónsson.

Krílið skiptir um eigendur

Bílasjoppa Krílið á Ísafirði er nú að skipta um eigendur en nokkuð er síðan verslunin var fyrst auglýst til sölu. Margrét Karlsdóttir, sem rekið hefur ferðaþjónustuna Reykjanes við Ísafjarðardjúp, staðfesti í samtali við blaðið að verið væri að ganga frá kaupum hennar á rekstri Krílisins ásamt meðfylgjandi húsnæði.

Króna fyrir börnin í maí

Nú getur fjölskyldan flogið saman í frí fyrir ódýrara fargjald á manninn en nokkru sinni fyrr.

Tilvalið til að heimsækja vini og ættingja um allt land eða gera eitthvað annað skemmtilegt.

aðra leiðina

+ 333 kr. (flugvallarskattur og tryggingagjald)

Þetta einstaka tilboðslargjald

- gildir til allra álangastaða innanlands
- er fyrir börn að 12 ára aldri í fylgd með fullorðnum
- gildir í maí
- byðst eingöngu þegar bókað er á netinu: www.flugfelag.is

www.flugfelag.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

- fyrir fólk eins og þig!





Ísafjörður

Pizzasendill í vandræðum

Annriki var hjá lögreglu á Ísafirði um helgina og talsvert var um ölvun í bænum. Loka þurfti tveimur veitingastöðum í Ísafjarðarbæ kl.01 aðdfaranótt laugardags vegna þess að rekstraraðilum þeirra hafði láðst að ganga frá tilskyldum leyfum til skemmtanahalds. Þurftu gestir staðanna að halda til síns heima til að gera sér glaðan dag.

Á fjórða tímanum sömu nótt barst lögreglu símtal frá manni sem hafði orðið vitni að því að ungur maður sparkaði niður og braut rúðu í verslunarmiðstöðinni Neista. Vitnið hafði elt brotamanninn er hann flýði af vettvangi glæpsins og gat því gefið lögreglu greinargóðar upplýsingar um staðsetningu hans. Er lögreglan hafði upp á manninum viðurkenndi hann verknaðinn.

Á tíunda tímanum að morgni laugardagsins barst tilkynningu um að bátur væri strandaður á Flateyrarodda. Engin slys urðu á fólki og þegar lögregla kom á staðinn skömmu síðar hafði tekist að koma bátinum á flot aftur og sigla honum áleiðis á áfangastað. Síðar um daginn þurfti lögreglan að veita pizzusendli aðstoð við að finna bifreið sína, en hana hafði hann skilið eftir í gangi á meðan hann skilaði af sér pizzum í Stórholtinu. Svo virðist sem óprúttir einstaklingar hafi gripið tækifærið og tekið bifreiðina frjálstri hendi, en hún fannst skömmu síðar óskemmd í Sunnuholti.

Sigling Maritol (áður Fagranes) til vesturstrandar Bandaríkjanna

Ferðinni lýkur í San Francisco á sunnudag

Ferð skipsins Maritol vestur um haf til San Francisco í Bandaríkjunum gengur vel en það siglir nú á tíu sjómílna hraða á klst. meðfram vesturströnd Bandaríkjanna eftir að hafa farið gegnum Panama-skurðinn fræga í síðustu viku.

Maritol var sem kunnugt er gert út undir nafninu Fagranes á sínum tíma og gegndi þá störfum bílaferju í Ísafjarðardjúpi, en var á síðasta ári selt frá Ísafirði eftir að hafa legið lengi ónotað í Ísafjarðarhöfn. Það var fyrirtækið Álasund ehf. í Njarðvík sem gerðist milligönguaðili bandarískis fyrirtækis við kaupin á skipinu og sá um að gera það upp áður en það hélt áleiðis til San Francisco þar sem það mun gegna hlutverki skrifstofu fyrir arkitektastofu þar í borg.

Að sögn Einars Aðalsteinsonar, sölumanns hjá Álasundi, hafa ekki orðið miklar tafir á ferð skipsins til nýrrar heimahafnar þrátt fyrir að ýmis smávægileg vandræði hafi komið upp frá því að það



Fagranesið eins og það leit út þegar það kom úr slipp í Njarðvík, nýmálað og frágengið til siglingar vestur um haf.

lagði upp frá Njarðvíkurhöfn þann 21. mars síðastliðinn. Fyrsti viðkomustaður Maritol var Harbor Grace á Nýfundnalandi, en þar þurfti áhöfnin að dvelja um vikuskeið yfir páskana á meðan gengið var frá tryggingamálum skipsins.

Þegar þau mál voru frágengin hélt skipið áfram ferð

sinni um úthöfin, en nauðsynlegt reyndist að dvelja einnig um vikuskeið í Panama á meðan beðið var eftir varahlutum frá Noregi í olíudælu.

Áætlað er að skipið ljúki för sinni og leggist við höfn í San Francisco nk. sunnudag, 12. maí, en þó gamla Fagranesið eigi ekki eftir að standa

í miklum farþegaflutningum héðan af á það samt eftir að sigla áfram því samkvæmt bandarískum lögum verður það að sanna haffæri sitt með því að sigla fjórum sinnum á ári út fyrir Golden Gate brúna, auk þess sem eigendurnir hafa hug á að skreppa á því til Hawaii endrum og eins.

Sveitarstjórnarkosningar 2002 á Vestfjörðum

Sex framboðslistar í Ísafjarðarbæ

Sex framboðslistar bjóða fram í sveitarstjórnarkosningunum sem fram fara 25. maí nk., en frestur til að skila inn framboðslistum rann út á há-

degi á laugardag. Það eru B-listi Framsóknarflokks, D-listi Sjálfstæðisflokks, F-listi Frjálslyndra og óháðra, U-listi Vinstri hreyfingarinnar –

græns framboðs, S-listi Samfylkingarinnar og listi Nýs afls, bæjarmálafélags sem nota mun bókstafinn A.

Í Ísafjarðarbæ eru átján

framboðendur á hverjum lista og er hver listi með 40-80 meðmælendum. Flestir listarnir munu hafa skilað inn um 80 meðmælendum. Íbúar sveitarfélagsins eru um 3.200 og má því segja að stór hluti kosningabærra manna sé annað hvort í framboði eða meðmælendur á listunum.

Í Vesturbyggð verða tveir listar í framboði, D-listi Sjálfstæðisflokks og óháðra og S-listi Samstöðu. Í Súðavíkurhreppi verða tveir listar í boði, T-listi Framboðs ungs fólks og H-listinn. Í Bolungarvík verða tveir framboðslistar í boði, K-listi Bæjarmálafélags Bolungarvíkur og D-listi Sjálfstæðisflokks. Óbundnar kosningar fara fram í Tálknafjarðarhreppi. Allir kjósendur eru því í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.

Raddtæknifyrirtækið VoiceEra í Bolungarvík

Færir Blindrafélaginu tuttugu talgervla að gjöf

Raddtæknifyrirtækið VoiceEra færði Blindrafélaginu 20 talgervla að gjöf við opnun sýningarinnar Perlan Vestfirðir í Perlunni í Reykjavík á föstudag. Verðmæti gjafarinnar er um 300 þúsund krónur. Unnið hefur verið að þróun talgervilsins

um all langt skeið en hann byggir á grunni eldri talgervils sem hefur verið í notkun héraðs undanfarin ár.

Upphaflega stóð sænska fyrirtækið Infovox að þróun talgervilsins en Infovox var síðan keypt af Babel Technologies, belgískum samstarfs-

aðila VoiceEra. Þau stóðu síðan sameiginlega fyrir uppfærslu á talgervlinum sem byggir nú á nýrri og nákvæmari tækni en áður.

VoiceEra hefur haslað sér völlu sem öflugt frumkvöðlafyrirtæki í þjónustu við fatlaða og gjöfin til Blindrafélagsins

er liður í að efla samstarf fyrirtækisins við viðskiptavini sína. Blindrafélagið og VoiceEra munu í sameiningu hefja tilraunauppsetningar á nýja talgervlinum og mun vinnuhópur leitast við að koma með tillögur um frekari þróun hans.

HVER ÞJÓNAR þínu öryggi?

Það er fátt eins mikilvægt í lífinu og öryggi. Þess vegna áttu rétt á að fá örugga lífsgætt og fyrsta flokks þjónustu þegar tryggingarnir þín eru aðrar vegar. Komdu eða hafðu samband, við gerum alltaf okkar besta.

TRYGGINGA-MIÐSTÖÐIN HF
-þegar lífið á vaxur!

Hafnarstræti 7 • 400 Ísafjörður
Sími 450 5200 • www.tmfhf.is

Munið videotilboðin á þriðjudögum og fimmtudögum

Tvær nýjar á 450,-

Neista - sími 456 4853

Föt fyrir börn á öllum aldri

LEGGUR OG SKEL
Ljósinn, Skeiði, sími 456 4070

bb.is
- öflugur fréttu- og upplýsingamiðill!